Vogabyggð-Fleyvangur

Samkeppni um nýjan samþættan
leik- og grunnskóla, frístundaheimili og
félagsmiðstöð, nýja göngu- og hjólabrú.

Dómnefndarálit

Reykjavík

Reykjavíkurborg - apríl 2024
Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Í samvinnu við Arkitektafélag Íslands

Hönnun/umbrot: Birgir Ómarsson

Inngangur

Vorið 2023 var auglýst samkeppni um heildstæðan leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð ásamt göngu- og hjólabrú milli Vogabyggðar og skólabyggingar og útisvæðis á Fleyvangi.

Undirbúningur samkeppninnar hófst með samþykkt borgarstjórnar og í framhaldi af því var stofnaður samráðshópur skipaður fulltrúum Skóla- og frístundasviðs og Umhverfis- og skipulagssviðs. Í undirbúningsferlinu var leitað til ráðgjafa innan Reykjavíkurborgar og víðar. Var meðal annars haldin vinnustofa með hagsmunaaðilum þar sem leitað var hugmynda og leiða að hönnun nýrra mannvirkja sem þjónaði sem best umhverfinu og starfseminni.

Um er að ræða flókið verkefni og í ljósi þess var samþykkt að ráðast í tveggja þrepa framkvæmdasamkeppni þar sem greitt yrði fyrir úrvinnslu tillagna á öðru þrepi. Fjölmargir arkitektar sýndu verkefninu áhuga með þátttöku sinni en alls bárust 24 fjölbreyttar tillögur á fyrsta þrepi samkeppninnar. Dómnefnd beið því ærið verkefni við að fara yfir tillögurnar sem einkenndi ólíka nálgun og úrlausnir. Dómnefnd tók meðvitaða ákvörðun um að annað þrep samkeppninnar skildi endurspegla þann fjölbreytileika tillagna, sem einkenndi fyrsta þrep hennar og vera til marks um mismunandi nálgun á lausn verkefnisins. Sem veganesti inn í áframhaldandi vinnu fengu tillöguhöfundar sem valdir voru til áframhaldandi vinnu senda umsögn dómnefndar um styrkleika og veikleika tillagnanna. Þar voru keppendur hvattir til að skerpa á tillögum sínum, vera óhræddir við að endurmeta þær og þróa síðan hugmynd um skýra og heildstæða sýn á verkefnið í heild sem gæti raungerst. Það var með eftirvæntingu að dómnefnd hittist á ný til að skoða og fara yfir tillögur á öðru þrepi og hefur sú vinna sem fram fór i kjölfarið verið ánægjuleg. Allar tillögur fengu faglegan dóm, voru metnar af kostgæfni og fengu umfjöllun sem birtist hér neðar í þessari samantekt. Dómnefnd leitaði ráðgjafar meðal annars varðandi áhættu og kostnaðarmat allra tillagnanna 5.

Tillögurnar hafa þroskast misvel og mismikið frá fyrra þrepi. Sameiginlegt einkenni þeirra allra er fagleg nálgun við viðfangsefnið en engin þeirra nýtti þó að fullu þau tækifæri sem í verkefninu lágu. Þess vegna er enn rúm fyrir nauðsynlega áframhaldandi þróun og hlakkar dómnefnd til að sjá höfunda vinningstillögu útfæra og móta tillöguna allt að byggðu verki.

Dómnefnd var einróma í niðurstöðu sinni, óskar vinningshöfum til hamingju með góðar tillögur og þakkar keppendum öllum fyrir faglega unnar og fjölbreyttar tillögur. Jafnframt þakkar dómnefnd þeim ráðgjöfum sem lögðu sitt af mörkum við yfirferð tillagnanna.

Almennt um samkeppnina

Mannvirkjunum er ætlað að þjóna nýrri Vogabyggð en gert er ráð fyrir allt að 1500 íbúðum á svæðinu. Samþykkt aðalskipulag heimilar uppbyggingu 1900 íbúða. Á Fleyvangi verður einnig nýtt útivistarsvæði og almenningsrými borgarbúa og var útfærsla svæðisins hluti samkeppninnar. Brúin sem tengja á skólabygginguna við Vogabyggð verður aðal samgönguæð til og frá skóla og mikilvægt kennileiti í borgarlandinu.

Framkvæmdin verður áfangaskipt og gera má ráð fyrir byggingu fyrir allt að 720 nemendum að uppbyggingu lokinni.

Á fyrra þrepi settu keppendur fram tillögur sínar byggðar á keppnislýsingu þar sem óskað var eftir meginhugmyndarfræði tillögunnar og staðsetningu mannvirkja á keppnissvæðinu og tengingu við Vogabyggð. Keppendur á öðru þrepi fengu almennar og sértækar umsagnir dómnefndar er vörðuðu viðkomandi tillögur. Á 2. þrepi þróuðu keppendur tillögur sínar áfram.

Niðurstaða samkeppninnar verður grunnur að breyttu deiliskipulagi.

Markmið

Meginmarkmið samkeppninnar voru:

- að ná fram framúrskarandi og framsýnni byggingarlist og landslagshönnun sem skapar nýja umgjörð á Fleyvangi fyrir byggingu, brú og útisvæði fyrir skóla– og frístundastarf, samspil brúar og umhverfis.
- að fanga staðaranda og þau gæði sem eru í nærumhverfi Fleyvangs og sérstöðu í borgarlandinu.
- að sýna samspil og samþættingu mannvirkja, nærumhverfis og útisvæða.
- að mynda örugga og áhugaverða tengingu á milli Vogabyggðar og Fleyvangs.
- að byggja fyrir börn og unglinga - hönnunin skal fanga mismunandi þarfir og upplifun út frá aldri og þroska barna og unglinga ásamt því að umhverfið tryggi lifandi, kraftmikið og jákvætt umhverfi.
- að vinna með sjálfbærni og vistvæna hönnun.
- að ná fram hagkvæmni og huga að kostnaðargát.

Í starfi þessa skóla verður mikil áhersla lögð á:

- samnýtingu rýma og sveigjanleika.
- þverfaglega nálgun fagstétta og samvinna allra sem koma að skóla- og frístundastarfi.
- samfellu í degi barnsins innan veggja skólans þ.e. frístundarstarfs og skólatíma.
- sjálfstæði barna og samvinnu allra.

Rýmisupplifun og hönnun þarf að tryggja sérstöðu og sérþarfir einstakra aldurshópa samhliða flæði, gegnsæi og yfirsýn í stóra samhenginu.

Helstu áherslur í Menntastefnu Reykjavíkurborgar eru:

Félagsfærni - samkennd og stuðningur – Með gegnsæi og sýnileika á milli rýma er stefnt að því að bjóða upp á þægilegt vinnuumhverfi – sem jafnframt eykur félagsfærni og jafnræði.

Sjálfsefling - jafnræði/skóli og frístundastarf fyrir alla. Sameiginleg svæði, sem hvetja til virkni, leiks og samveru.

Læsi - umhverfið efli læsi i víðum skilningi, þátttaka í daglegu lífi og samfélagi sem virkjar einstaklinginn til að hafa áhrif. Nýrri nálgun í rýmisupplifun sem stuðlar að jákvæðri upplifun og velliðan.

Sköpun - nýjar lausnir í útfærslum sem hvetja til samvinnu, sköpunar og lausnamiðaðrar hugsunar.

Heilbrigði - eflandi og hvetjandi umhverfi sem býður einnig upp á ró og næði.

Nýjar áherslur og aðferðafræði koma fram í menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar og Græna Plan Reykjavíkurborgar.

Sjónarmið dómnefndar

Dómnefnd lagði áherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

Á 1. þrepi lagði dómnefnd áherslu á eftirfarandi atriði:

(Bygging, brú og útisvæði)

1. Heildaryfirbragð og trúverðugleiki hugmyndar.
2. Grunnhugmyndafræði, samsetning og innri tengingar skólabygginga(r).
3. Heildstæð og skýr sýn á samkeppnisvæðið.
4. Mælikvarði, lega og samspil mannvirkja, skólalóðar og útivistarsvæða.
5. Tengingar mannvirkja, bygginga(r) og brúar við aðkomuleiðir.
6. Lega og tengingar gatna og stíga innan samkeppnissvæðisins og við nærliggjandi umhverfi.

Auk ofangreindra atriða lagði dómnefnd áherslu á eftirfarandi atriði á 2. þrepi.

(Bygging, brú og útisvæði)

1. Byggingarlist og landslagshönnun.
2. Ný sýn/ferskleiki.
3. Tenging Vogabyggðar við Fleyvang.
4. Skilvirkt innra skipulag.
5. Markvissar tengingar inni- og útisvæða.
6. Fjölbreytni í rýmisupplifun.
7. Sveigjanleiki í notkun og skipulagi.
8. Vellíðan og öryggi/staðarbragur/einkenni.
9. Hlutverk dagsbirtu í byggingunni og á útisvæði.
10. Sjónrænar tengingar á milli svæða.
11. Hagkvæmni í framkvæmd og rekstri, Græna Plan Reykjavíkurborgar.
12. Áfangaskipting.
13. Hvernig tillagan fangar kjarna Menntastefnu Reykjavíkurborgar.
14. Hvernig tillagan fangar stefnu Reykjavíkurborgar um menntabyggingar.
15. Aðgengi og jafnrétti – samþykkt Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Dómnefnd, ritari dómnefndar og ráðgjafar

Sjö manna dómnefnd skipuðu eftirtalin:

Tilnefnd af kaupanda:

- Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri nýbygginga, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg, formaður dómnefndar.
- Ásdís Olga Sigurðardóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála, Skóla – og frístundasvið, Reykjavíkurborg.
- Helgi Grímsson, sviðsstjóri, Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborg.
- Hrafnhildur Sverrisdóttir, verkefnastjóri, Skipulagsfulltrúi, Reykjavíkurborg.
- (Hrönn Valdimarsdóttir, landslagsarkitekt og verkefnastjóri hjá Skipulagsfulltrúa, Reykjavíkurborg tók sæti í dómnefnd á seinna þrepi í stað Hrafnhildar Sverrisdóttur).

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

- Steve Christer, arkitekt FAÍ, Studio Granda.
- Steinþór Kári Kárason, arkitekt FAÍ, Kurt og PÍ.

Tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta:

- Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, Landlínur.

Ritari dómnefndar er:

- Anna María Benediktsdóttir, verkefnastjóri, Skrifstofa framkvæmda og viðhalds, Reykjavíkurborg.

Ráðgjafar dómnefndar voru:

- Höskuldur R. Guðjónsson, samgönguverkfræðingur (PhD), Reykjavíkurborg.
- Kristinn Jón Eysteinsson, byggingatæknifræðingur, skipulagsfræðingur, Reykjavíkurborg.
- Þórdís Eik Friðþjófsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu grunnskólamála, Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborg.

Trúnaðarmaður dómnefndar:

- Gerður Jónsdóttir.

Dómnefndarálit

Tillögum á fyrra þrepi var skilað inn 15. ágúst. Alls bárust 24 tillögur. Allar tillögur voru teknar til dóms. Vinna við seinna þrep hófst þann 22. september.

Tillögum á seinna þrepi var skilað þann 9. janúar. Eftir vandlega yfirferð tillagna sem höfðu fengið vinnunúmer frá 1-24 gekk dómnefnd frá tillögum sínum á fundi föstudaginn 15. mars 2024 og umsögnum til keppenda.

Trúnaðarmanni var kynnt niðurstaðan á þeim fundi og var nafnleynd rofin.

Dómnefnd var einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

1. verðlaun	5.000.000 kr.	Tillaga nr. 21	auðkennd 58123 (Skólabrú)
2. verðlaun		Tillaga nr. 20	auðkennd 51027 (Fleyvangur)
3. verðlaun		Tillaga nr. 5	auðkennd 29029 (Skip Ketilbjarnar)

Allir keppendur á seinna þrepi fengu greiddar 5.000.000 kr. auk vsk.

Verðlaun eru veitt fyrir vinningstillögu á 2. þrepi að verðmæti 5.000.000 kr. auk vsk.

Einungis eru veitt verðlaun fyrir 1. verðlaun.

Dómnefnd var einhuga um eftirfarandi niðurstöðu:

1. verðlaun auðkennd 58123 (Skólabrú)
2. verðlaun auðkennd 51027 (Fleyvangur)
3. verðlaun auðkennd 29029 (SkipKetilbjarnar)

Reykjavík 15. mars 2024

Ósk Soffía Valtýsdóttir,
formaður dómnefndar
deildarstjóri nýbygginga, skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis - og skipulagssvið

Ásdís Olga Sigurðardóttir,
verkefnastjóri á fagskrifstofu leikskólamála
Skóla - og frístundasvið

Helgi Grímsson,
sviðsstjóri
Skóla - og frístundasvið

Hrönn Valdimarsdóttir,
verkefnastjóri, hjá Skipulagsfulltrúa
Umhverfis - og skipulagssvið

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,
landslagsarkitekt FÍLA

Steve Christer,
arkitekt FAÍ

Steinþór Kári Kárason,
arkitekt FAÍ

Umsagnir um tillögur sem valdar voru á annað þrep.

Inngangur

Dómnefnd þakkar þátttakendum innsendar tillögur, en alls bárust 24 tillögur og voru þær allar teknar til dóms. Tillögurnar eru vitnisburður um fjölbreytta og um leið faglega nálgun við flókið verkefni sem hefur verið ánægjulegt að skoða.

Dómnefnd hefur nú valið 5 tillögur til frekari vinnslu í seinna þrepi samkeppninnar og hlakkar til að sjá og meta þróun þeirra. Um leið eru tillöguhöfundar hvattir til að skerpa á tillögum sínum og vera óhræddir við að endurmeta þær og þróa, með það að markmiði að skýr hugmynd um heildstæða sýn á svæðið verði að veruleika.

Eftirfarandi eru almennar ábendingar til þátttakenda að lokinni yfirferð á 1. þrepi

1. Dómnefnd áréttar mikilvægi þess að höfundar komi fram með heildstæða sýn á uppbyggingu svæðisins, hvort sem um er að ræða byggingar, samgöngumannvirki, skólalóð eða útivistarsvæði.
2. Horfa ber sérstaklega að sérstöðu Fleyvangs með það að markmiði að almenningur geti notið einstakrar staðsetningar og náttúrufars.
3. Höfundar eru hvattir til að skoða sérstaklega legu og umfang umferðarmannvirkja á svæðinu og tengsl þeirra við nærliggjandi umhverfi.
4. Dómnefnd ítrekar að samkeppnin tekur til hönnunar brúar til jafns við hönnunar skólabyggingar, skólalóðar og útivistarsvæða. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á mikilvægi brúarinnar sem hluta af mannvirkjum svæðisins og þeirri heildstæðu sýn sem óskað er eftir.
5. Brúin mun gegna mikilvægu hlutverki á svæðinu, sem samgönguleið fyrir alla, og eru höfundar hvattir til að skoða sérstaklega tengsl hennar við íbúðahverfi (Vogabyggð) og aðkomu að skólasvæði.
6. Hvatt er til þess að hugað sé að vellíðan og öryggistilfinningu allra sem um brúna fara, óháð fararmáta, aldri og hæfni. Í þessu sambandi er horft til öryggis barna, í misjöfnum veðrum.
7. Huga þarf sérstaklega að aðkomuleiðum að skólabyggingum, staðsetningum innganga og tengsl þeirra við skólalóð. Fjölþætt starfsemi kallar sérstaklega á skýrleika í tengingum og umferðarleiðum.
8. Áréttað er að kvöð um legu lagnar er ófrávíkjanleg.
9. Dómnefnd áréttar mikilvægi dagsbirtu í skólabyggingunni.
10. Við hönnun skólalóðar er mikilvægt að huga að því að útisvæði njóti skjóls og sólar og að umfang skuggasvæða sé lágmarkað, sérstaklega á skólatíma. Þetta á ekki síst við um leiksvæði yngstu barnanna.
11. Gera skal ráð fyrir að leiksvæði yngstu barnanna séu girt af.
12. Dómnefnd áréttar mikilvægi áfangaskiptingar, að hún sé raunhæf og að við hver áfangaskipti standi skólinn sem heildstæð(ar) bygging(ar). Í þessu sambandi er bent á að óvíst er hve langur tími getur liðið á milli áfanga.
13. Nauðsynlegt er að gert sé ráð fyrir færanlegum stofum, eins og tilgreint er í keppnislýsingu.
14. Áréttað er að fyrirhugaður skóli er nokkuð stór og því eru tillöguhöfundar hvattir til að huga vel að mælikvarða bygginga, ekki síst með skólabörn í huga.
15. Höfundar eru hvattir til að gæta hófs í umfangi byggingar með leiðbeinandi húsrýmisáætlun til hliðsjónar.
16. Ætlast er til að höfundar séu meðvitaðir um og taki tillit til friðlýsingar Háubakka og nærliggjandi svæða.

Sérstakt álit dómnefndar fyrir seinna stig

Tillaga #21 - 58123 (Skólabrú)

Tillagan er djörf og er meginstefið í henni að tengja saman Vogabyggð og Fleyvang með skólabyggingunni sjálfri sem brú þar á milli. Þessi kjarni hugmyndarinnar er klárlega styrkur tillögunnar. Það er því verkefni höfunda í seinna þrepi að skerpa á tillögunni og útfæra á sannfærandi hátt, þannig að hún endurspegli skýrleika og djörfung grunnhugmyndarinnar sjálfrar.

Dómnefnd hefur valið þessa tillögu til áframhaldandi þróunar í seinna þrepi. Eftirfarandi eru ábendingar dómnefndar, sem höfundar eru hvattir til að taka tillit til í þeirri vinnu sem framundan er.

1. Staðsetning byggingarinnar, milli Vörputorgs og Fleyvangs er sérstök og býður upp á einstakt samband milli Vörputorgs og skólalóðar og við vatn og útsýni.
2. Hugmynd höfunda um að skólabyggingin verði hluti af Vogabyggð er áhugaverð.
3. Höfundum er sérstaklega bent á friðlýsingarmörk Háubakka.
4. Skerpa þarf á hlutverki byggingarinnar sem brúar fyrir umferð fólks milli Vogabyggðar og útivistarsvæðis á Fleyvangi. Meginhugmynd höfunda um bygginguna sem sjálfa brúna þarna á milli, skilar sér ekki og hvatt er til að unnið sé frekar með þau áform.
5. Hlutverk “bryggju” við hlið byggingar er ekki sannfærandi, þar sem bryggjan er hin eiginlega brú, en ekki byggingin sjálf.
6. Huga þarf sérstaklega að hjóla- og hreyfitengingum brúar.
7. Tenging byggingar við Vörputorg, með leiksvæði á þaki, eru áhugaverðar, en þó þarf að huga sérstaklega að skjólmyndun.
8. Aðkomum að skólabyggingu af þaki þarf að skýra betur.
9. Staðsetningu byggingarinnar býður upp á mikla möguleika til nýtingar á Fleyvangi sem útivistarsvæði.
10. Skerpa þarf á hlutverki Fleyvangs og skilgreina betur útvistarsvæði sem og aðkomu að skólabyggingu, þ.m.t. bílastæði. Tengingar milli skólabyggingar og lóðar eru óskýrar.
11. Formfesta byggingarinnar er kostur en gæta þarf að einsleitni í rýmismótun.
12. Með tillögu að glerjuðum úthliðum er hugað er að dagsbirtu innan byggingarinnar en mikilvægt er að innra skipulag sé þannig að sem flest rými njóti hennar.
13. Nauðsynlegt er að skoða áfangaskiptingu nánar: Ekki er trúverðugt að fyrsti áfangi sé úr öllum tengslum við Vörputorg. Staðsetning þriðja áfanga á þaki byggingarinnar virkar ekki sannfærandi. Bent er á að gera þarf ráð fyrir tengingu við Vogabyggð í fyrsta áfanga og lipru flæði gangandi og hjólandi milli Vogabyggðar og Fleyvangs.

1. verðlaun



1. verðlaun - Tillaga #21 - 58123

Skólabrú

Djörf og fersk tillaga sem byggir á sterkri skipulagslegri sýn. Skólinn er byggður sem brú, alveg upp að Vörputorgi og er garður á þaki hans útivistarsvæði hverfisins, í framhaldi af torginu. Þannig verður skólinn hluti af og í beinum tengslum við það borgarhverfi sem hann á að þjóna. Með þessu móti er fótspor bygginga á Fleyvangi lágmarkað og þ.m. umfang útivistarsvæða hámarkað auk þess sem þak skólans nýtist sem slíkt og svarar vel áherslum Græna Plansins um hámörkun grænna svæða og aðgengi almennings að heilbrigðum útivistarmöguleikum. Utan á skólabyggingunni liggur svo göngu- og hjólabrú, sem liggur frá Vörputorgi að Fleyvangi. Þverun göngu- og hjólabrúar yfir aðkomusvæði á annarri hæð er flókin og velta má fyrir sér hvort ytri tengingar fyrir gangandi um útitröppur sé þörf.

Aðkoma er bæði frá Vörputorgi og Fleyvangi og er gert ráð fyrir að skólabyggingin sjálf tengi svæðin saman, hvort sem er með beinni tengingu af þaki niður á Fleyvang eða í gegnum bygginguna, um lóðréttar umferðarleiðir sem tengja þak, byggingu og land. Þessar hugmyndir eru mjög áhugaverðar, ekki síst út frá borgarskipulagslegu sjónarmiði og geta leikið lykilhlutverk í virkni byggingarinnar í umhverfi sínu. Til þess að svo megi verða, þarfnast þær þó nánari útfærslu þannig að þetta flæði verði áreynslulaust og eðlilegt fyrir bæði bygginguna og útisvæðin.

Höfundar tillögu:

Úti og inni arkitektar
Baldur Ólafur Svavarsson FAÍ, FSSA
Brynjar Darri Baldursson FAÍ

Samstarf:
Landform landslagsarkitektar
ONNO þrívíddarvinnsla

Einnig er mikilvægt að horft sé til hlutverks, stöðu og mögulegrar þarfar hjóla- og göngubrúar í þessu samhengi, sem eiginlegum hluta af byggingunni sjálfri með þeim hætti að byggingin verði allt í senn skólabygging, brú og útsvæði sem flæði saman frá Vörputorgi að Fleyvangi handan Ketilbjarnarsýkis.

Samsetning skólans er skýr. Á jarðhæð eru list- og verkgreinar, matsalur, íþróttasalur og yngsta stig leikskóla. Staðsetning þessara rýma er rökrétt og góð, sérstaklega þegar horft er mögulegra beinna tengsla þeirra við útirými. Þessi tengsl þarf þó að útfæra betur í leikskóla hlutanum, í samhengi við aðkomu að honum. Mjög jákvætt er að hafa aðkomu að leikskóla við Vörputorg og mikilvægt að leikskóli tengist vel útileiksvæðum á Fleyvangi en tengsl og flæði þar á milli þarf að styrkja og skýra.

Á efri hæð skólabyggingarinnar eru allar deildir grunnskólans staðsettar á einu gólfi, sem er fyrirkomuleg sem býður upp góðar tengingar og mikinn sveigjanleika milli deilda. Allar deildir skólans eru staðsettar við úthliðar byggingarinnar og njóta þannig góðrar dagsbirtu og útsýnis.

Heimasvæði mynda skýra umgjörð fyrir börnin en byggingin býður upp á gott flæði og mikla möguleika á hópaskiptingu með fjölbreyttum hætti. Þá er auðvelt að færa til árganga í byggingunni eða bregðast við mismunandi stærðum árganga hvort sem er í leik- eða grunnskóla. Skipulag byggingarinnar bíður upp á samvinnu og þverfaglegt samstarf. Þá er tillagan að svara vel áherslum menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Umferðarleiðir um tvöfalt gangakerfi er auðvelt en huga mætti betur að lóðréttum umferðartengingum. Þjónusturými eru í miðjum húsakroppnum, sem er nokkuð djúpur, en inngörðum er ætlað að veita birtu inn í bygginguna en virkni þessara inngarða mætti styrkja með því að opna þá meira og stækka.

Útisvæði skólans eru fjölbreytt og áhugavert, Þak, Fleyvangur og strandsvæði Ketilbjarnasíkis er nýtt fyrir útisvæði á áhugaverðan hátt. Hönnun ólíkra útisvæða skapa sterka skipulagslega heild og tækifæri til fjölbreytilegrar dvalar og athafna. Staðsetning leiksvæðis yngstu deilda leikskóla þarfnast endurskoðunar að teknu tilliti til ríkjandi vindáttar, sólar og aðgengis á milli inni- og útirýma. Lóðarhönnun og landmótun er vel útfærð, spennandi og áhugaverð. Land er lækkað á stóru svæði sem gerir lóðina að ævintýraheimi. Það ásamt mikilli gróðurnotkun umhverfis, eykur skjólmyndun og lofthita svæðisins. Útisvæðið á þaki ásamt innigörðum skólans er spennandi nálgun, en þarfnast nánari útfærslu og mikilvægt er að vel sé hugað að skjólmyndun á þaki.

Tillagan er bæði frumleg og sterk og gefur fyrirheit um framúrskarandi og framsýna byggingu sem skapar spennandi umhverfi um skóla- og frístundastarf á svæðinu og leikur lykilhlutverk í virkni hverfisins. Miðað við frumathugun rúmast tillagan innan kostnaðarramma Reykjavíkurborgar.

Dómnefnd velur þessa tillögu til 1. verðlauna og mælir eindregið með henni til nánari útfærslu. Dómnefnd vill í því sambandi árétta mikilvægi þeirra ábendinga sem fram koma í umsögn, enda eru þær þess eðlis að hægt er að bregðast við þeim í nánari útfærslum, án þess að rýra grunnstef og hugmyndafræði tillögunnar.


Aðalskipulagsuppdráttur
Vogahverfi
Vogabraut
Vogabraut
Vogabraut













Sérstakt álit dómnefndar fyrir seinna stig

Tillaga #20 - 51027

Staðsetning byggingar á norðvestur hlutar lóðarinnar gefur möguleika á góðri tengingu við nærliggjandi umhverfi, Ketilbjarnarsíki og útivistarsvæði á Fleyvangi. Með útsjónarsamri aðlögun að landi er mögulegt að hafa brúnna lágreista, sem eykur öryggistilfinningu vegfarenda og býður upp á tengsl við vatn.

Dómnefnd hefur valið þessa tillögu til áframhaldandi þróunar í seinna þrepi. Eftirfarandi eru ábendingar dómnefndar, sem höfundar eru hvattir til að taka tillit til í þeirri vinnu sem framundan er.

1. Aðlögun brúar að landi er mjög áhugaverð þar sem unnið er vel með hæðarmun á svæðinu.
2. Höfundum er sérstaklega bent á friðlýsingarmörk Háubakka.
3. Sýn á nýtingu Fleyvangs, hvort sem er til fjölbreyttrar náttúruupplifunar, útivistar eða leiks, þarf að skýra.
4. Hugmyndin er lítið unnin en gefur fyrirheit um einfalt og markvisst innra skipulag.
5. Uppbrot byggingar er trúverðugt og tekið er ríkt tillit til þess að dagsljóss njóti sem víðast.
6. Skissa af grunnmynd bendir til að húskroppar liggi óreglulega á lóðinni, sem gefur tilefni til að ætla að rýmismyndun, bæði innan dyra og utan, verði áhugaverð.
7. Huga þarf sérsatklega að mælikvarða húskroppa gagnvart opnum rýmum þeirra á milli.
8. Huga þarf betur að skuggamyndun á leiksvæðum næst byggingu.
9. Góð sjónræn tengsl eru á milli inni og útisvæða og eru höfundar hvattir til að huga vel að þessum tengslum við frekari útfærslu.
10. Grunn samsetning eininga áhugaverð m.t.t. mismunadi aldurs nemenda.
11. Hugmyndir um sameiginleg svæði á tengiás gefa ágætis fyrirheit um björt opin rými.
12. Höfundar eru hvattir til að þróa léttleika tillögunnar en forðast einsleitni og endurtekningar.
13. Flæðiskissur og grunnmynd eru trúverðug en þrívíddarmynd endurspeglar ekki þau fyrirheit og dregur úr trúverðugleika tillögunnar.
14. Tillagan bendir til einfaldrar áfangaskiptingar, en lengd byggingarinnar er áskorun og fjarlægðir enda á milli miklar.

2. verðlaun

2. verðlaun - Tillaga #20 - 51027

Fleyvangur

Lágstemmd tillaga að klasabyggingu sem liggur meðfram Ketlibjarnarsýki. Útisvæði skólans eru austan við hann og tenging við Vogabyggð eru um lágbrú.

Byggingin er sett saman úr sjö klösum sem raðað er utan á gönguás sem liggur eftir byggingunni endilangri. Milli klasanna að sýkinu eru inndregin útirými, sem gefa tilefni til góðra tenginga milli inni- og útirýma. Þetta er vel nýtt í matsal en mætti vera víðar, en þó er galli hve lítillar sólar nýtur á þessum svæðum. Byggingin er lokaðri til suð-austurs, sem dregur úr birtuflæði inn auk þess sem bein tengsl við skólalóð austan við skólann eru takmörkuð, nema um aðalinngang, sem er miðlægur.

Þessi samsetning skólabyggingarinnar er einföld og skýr, þar sem mismunandi hlutar skólans eru staðsettir í aðgreindum klösum á tveimur hæðum, með sjálfstæðum umferðarleiðum. Þá er áfangaskipting mjög auðveld.

Innra skipulag klasanna er ágætlega leyst og rýmin njóta öll góðrar dagsbirtu. Fyrirkomulag heimasvæða grunnskóla er nokkuð þvingað og þetta fyrirkomulag með aðgreindum klösum, býður ekki upp á mikinn sveigjanleika né sjónrænar tengingar milli svæða eða bregðast við breytingum í starfseminni. Klasarnir eru til þess fallnir að halda vel utan um börn á ólíkum aldri en loka um leið á tækifæri barna til að nota alla bygginguna með fjölbreyttum hætti til að auðga skólastarf.

Hönnun skólalóðar er vel útfærð, en fótspor byggingar er mikið á kostnað útisvæða. Notkun á gróðri til að ramma af mismunandi svæði á skólalóð og áhersla á náttúruleg efni er mjög jákvæð en staðsetning leiksvæðis yngstu deilda leikskóla þarfnast endurskoðunar, að teknu tilliti til ríkjandi vindátta og sólar. Aðfangaleið að mötuneyti um skólalóð er löng og ekki er tekin afstaða til staðsetningar sorpaðstöðu eða aðkomu að henni. Uppskipting bílastæða er jákvæð.

Göngu- og hjólabrú er mjög vel leyst, þar sem hún er í beinum tengslum við og í sömu hæð og Fleyvangur, sem gerir hana örugga og þægilega, þ.e. lágt yfir vatnsfletinum og þannig verður veðurálag minna.

Eins og tillagan er framsett er byggingin mjög hlutlaus, tekur lítið tillit til staðaranda eða sjóngerir þá starfsemi sem hana á að hýsa. Engu að síður sýnir sérteikning af frágangi ytra byrðis byggingarinnar vandað efnisval og fágað yfirbragð, sem þó hefði mátt sjást betur í heildaryfirbragði byggingarinnar.

Dómnefnd velur þessa tillögu í 2. sæti.

Höfundar tillögu:

Trípólí + GS Teiknistofa
Landslag ehf.

Innri gluggi leyfir ljósgjafar og tengingu á milli hæða



Grunnur

Efri hæð

Annari hæð austur

Annari hæð vestur

Annari hæð austur

Annari hæð vestur

Grunnur

Útiveraskaði 1:200



Útsýni í Vesturbæ austur undir vestur hluta Vogabyggðar

Útsýni í Vesturbæ austur undir austurhluta Vogabyggðar, byggð á Ketilsvæði í Vogabyggð



Útsýni í Vesturbæ austur undir austurhluta Vogabyggðar, byggð á Ketilsvæði í Vogabyggð

Austur hluti á Ketilsvæði í Vogabyggð 1:200

Grunnur á efri hæð 1:200

Innanrými SSS um aðalinngang grunnteikning 1:1.000

Innanrými CCC um miðbæinn yngstu deildir grunnteikning 1:1.000

Innanrými DDD um Sjónbæinn 1:1.000

Snæfellsg SSS gegnum miðjum leikskólann 1:1.000

51027

Fyrirlestrarrými innan úr fjarlægð

Fyrirlestrarrými innan úr miðlínu yndis eða grunnteikna



Fyrirlestrarrými innan úr fjarlægð

Fyrirlestrarrými innan úr miðlínu teikninga



Aðgengi brúar milli suðvestri 1:200

Innanverð brúar 1:200



Grunnmynd brúar 1:200



Sneiðing í línuegg skólabyggingar 1:20

Aðgengi línuegg skólabyggingar 1:20





Sérstakt álit dómnefndar fyrir seinna stig

Tillaga #5 - 29029 (Skip Ketilbjörns)

Skýr hugmynd, sem gerir ráð fyrir vel skilgreindri léttri byggingu, með björtu yfirbragði. sem staðsett er í norð-vestur horni lóðar, við Ketilbjarnarsýki. Með þessari staðsetningu er skólalóð til suðurs og austurs hámörkuð. Gert er ráð fyrir bryggju að Ketilbjarnarsýki sem býður upp á góð tengsl við náttúru staðarins og fjölbreytta möguleika til kennslu og útivistar. Gert er ráð fyrir að brúin tengist skólabyggingunni á annari hæð.

Dómnefnd hefur valið þessa tillögu til áframhaldandi þróunar í seinna þrepi. Eftirfarandi eru ábendingar dómnefndar, sem höfundar eru hvattir til að taka tillit til í þeirri vinnu sem framundan er.

1. Staðsetning byggingar er góð og eykur möguleika á nýtingu Fleyvangs til útivistar og býður upp á samspil við vatnið og náttúrulegt umhverfi staðarins.
2. Ris byggingarinnar til norðurs er trúverðugt og býður upp á áhugavert flæði á milli svæða.
3. Staðsetning og tenging útikennslusvæðis við skólann og vatn er áhugaverð en huga þarf að skuggamyndun á þessu svæði.
4. Höfundar eru hvattir til að skoða legu aðkomuleiðar á Fleyvangi með útivistarsvæði í huga.
5. Aðkoma að byggingu frá brú á 2. hæð eykur flækjustig áfangaskiptingar og eru höfundar hvattir til að skilgreina betur brúna sem mannvirki og hlutverk hennar sem umferðaræð gangandi og hjólandi til og frá Fleyvangi.
6. Tllfærsla akvegar á austurjaðri Fleyvangs er trúverðug, en hæðalega brúar m.t.t. aksturs að bílastæðum og smábátahöfn er ekki sannfærandi.
7. Skýrt og afgerandi byggingarform er áhugavert en um leið getur það verið hamlandi fyrir innra skipulag og útfærslur ásamt möguleikum til skjól- og rýmismyndunar á leiksvæðum næst byggingu.
8. Huga þarf sérstaklega að sveigjanleika í innra skipulagi.
9. Staðsetning íþróttasalar og samband hans við önnur rými er áhugaverð.
10. Hugmynd um skjólsælt útisvæði yngstu barna í inngarði er athyglisverð en huga þarf sérstaklega að sólargangi og skuggamyndun.
11. Staðsetning sameiginlegra svæða í byggingunni er áhugaverð en form byggingar takmarkar mögulega útfærslur á innra skipulagi.
12. Keppendur er hvattir til að skoða og skilgreina áfangaskiptingu byggingarinnar. 2. áfangi er flókinn og 3. áfangi er óskilgreindur.

3. verðlaun

3. verðlaun - Tillaga #5 - 29029



Skip Ketilbjarnar

Skólinn stendur á austurbakka Ketilbjarnarsýkis og er allur undir einu þaki. Hann er skýrt formaður og mun verða áhugavert kennileiti á svæðinu, þar sem það hallar mót suðri.

Skólalóð er öll austan og sunnan megin við skólann en til vesturs, að Ketilbjarnarsýki, er "bryggja" og setsvæði sem stallast niður að vatnsborðinu. Þessi hugmynd er mjög áhugaverð, sem tenging við vatnsflötinn og Háubakka.

Aðal aðkoma að skólanum er úr norðri, þar sem tveggja hæða brú tengist skólanum á fyrstu og annari hæð en einnig eru inngangar til vesturs (frá Ketilbjarnarsýki) og austurs (frá skólalóð) auk þess sem aðkoma að leikskóla er frá suðri.

Tenging svæðisins um tveggja hæða brú er mjög áhugaverð en útfærsla hennar er nokkuð flókin, sérstaklega hvernig hún tengist á neðri hæð. Hugmyndir um notkun á gróðri til að skapa skjól og auka líffræðilegan fjölbreytileika er áhugaverðar. Staðsetning útisvæða er rökrétt og skógarstígur og útikennslusvæði eru áhugaverð en útærsla útirýma er almennt nokkuð óskýr og ómarkviss.

Grunnskipulag byggingarinnar er skýrt og virkar nokkuð vel. Öllum meginrýmum skólans er raðað við úthliðar skólans og njóta þannig dagsbirtu og möguleikar á tengingum út eru góðir.

Í byggingunni miðri eru svo opin og stærri rými, s.s. íþrótta-, hreyfi- og fjölnotasalur. Með þessu móti verður skipulagið opið og bjart, tengingar góðar og yfirsýn auðveld. Á jarðhæð eru list- og verkgreinar og yngsta deild leikskóla. Þessi staðsetning er góð, sérstaklega með tilliti til mögulegra tenginga við útirými auk þess sem leikskóli er með skjólgott útleiksvæði, umlukinn byggingunni á þrjá vegu, sem opnast á móti suðri, með tengingu við lóðina, sem þó mætti vera skýrari.

Á efri hæðum eru allar deildir grunnskólans staðsettar og þrátt fyrir að í grunninn sé það rökrétt fyrirkomulag, er samsetningin ekki trúverðug og er það fyrst og fremst vegna flókinnar útfærslu á þriðju hæðar byggingarinnar og óskýru aðkomusvæði á annari hæð. Þessi hluti byggingarinnar er ómarkviss, hvort sem er í uppbyggingu, virkni eða tengingu við aðkomuleiðir, auk þess sem áfangaskipting er mjög erfið.

Höfundar tillögu:

SNA / Arkteikn
Gísli Sæmundsson, arkitekt FAÍ
Selmar Nielsen, arkitekt AF
Inga Katrin Winther Næs, arkitekt AF
Claus Bohn, arkitekt MAA
Steinunn Arnardóttir, arkitekt FAÍ
Nora Toft, arkitekt

Landmótun
Jóhann Sindri Pétursson, landslagsark, Fíla
Þórhildur Þórhallsdóttir, landslagsark, Fíla

Brúar - verkfræðiráðgjöf
Einar Þór Ingólfsson, verkfræðingur

